


ANTIKA EHF 2022

Eyvindartunga

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Rúna K. Tetzschner og Hermann Jakob Hjartarson





Kort 1 Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu.

Forsíðumynd: Minjar [2836-201]

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Hermann Jakob Hjartarson

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-24-6

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

@ Antikva ehf., Rúna K. Tetzschner og Hermann Jakob Hjartarson

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Fornleifaskráningar og skráningarsvæðið	6
Tilgangur fornleifaskráningar	7
Fornleifaskráning og aðferðir	12
Jarðarnúmer	12
Tegund, hlutverk og heiti	12
Staðsetning	12
Staðhættir og lýsing	13
Hættumat	13
Mótvægisaðgerðir	13
Fornleifar á svæðinu	14
Eyvindartunga	14
Gerði [2836-201] og upphækkun [2836-202]	15
Rétt [2836-203] heimild	17
Klakhús [2836-204] heimild	17
Garður [2836-205]	18
Samantekt og niðurstöður	18
Heimildir	20
Árnastofnun – Örnefnasafn	20

Myndaskrá

Mynd 1. Skráningarsvæðið.	7
Mynd 2. Skráningarform í grunni Bláskógarbyggðar, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.	11
Mynd 3 Illgreinanlegt gerði; trén fyrir miðju eru inn í gerðinu.	15
Mynd 4 Upphækkun – mögulegar fornleifar [202].....	16
Mynd 5 Réttartangi en réttin sem hann er kenndur við er horfin.	17

Kortaskrá

Kort 1 Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu.	2
Kort 2. Yfirlit yfir skráðar minjar á svæðinu og Eyvindartunga er lengst til vinstri.....	14
Kort 3 Gerði [201] og meintar minjar [202].....	16
Kort 4 Garður [2836-205]	18

Inngangur

Að beiðni Teits Eyjólfssonar fyrir hönd Eyvindartungu ehf. landeiganda, tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar vegna deiliskipulags í Eyvindartungu þar sem fyrirhugað er að koma upp sumarhúsabyggð. Skráningin fékk verknúmerið 2836 hjá Minjastofnun Íslands.

Á svæðinu fundust tvær minjar sem mögulega eru fornleifar, þ.e. gerði og upphækkun, og voru þær mældar upp.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Allar minjar voru mældar upp og við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu. Heimildarmaður var Teitur Eyjólfsson.

Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

Fornleifaskráningar og skráningarsvæðið

Aðalskráning fornleifa í Bláskógabyggð fór fram árin 2015-2016 á vegum Fornleifastofnunar Íslands. Þá voru skráðar jarðirnar Laugarvatn, Snorrastaðir,¹ Litla-Fljót, Stóra-Fljót,² Laugarás og Iða.³ Fornleifar hafa hins vegar ekki áður verið skráðar á jörðinni Eyvindartungu en núverandi skráningarsvæði er innan landamarka hennar, austan og utan við bæjarstæðið. Vesturmörkin liggja meðfram Laugarvatnsvegi en austurmörkin eru örlítið frá Laugarvatni. Tvær ár renna í vatnið á þessu svæði og falla norðurmörk þess nokkurn veginn saman við Litluá nema hvað norðvesturhornið nær aðeins norður fyrir hana. Suðurmörkin fylgja að mestu leyti Djúpá. Þessar ár afmarka líka að nokkru leyti jörðina í heild. Sunnan við Litluá liggur vegurinn Eyvindartunga frá Laugarvatnsvegi norðaustur að Laugarvatni. Tún frá Eyvindartungu ná inn á svæðið suðvestanvert og liggja skurðir frá Djúpá um og utan með túninu og einn norðaustanvert við það. Á svæðinu hefur verið nokkur skógrækt og vaxa þar barrtré. Að öðru leyti er það aðallega vaxið grasi og sums staðar er mýrlendi. Það er óbyggt enn sem komið er.

Í *Sunnlenskum byggðum* er jörðinni í heild lýst svo: „Grösug og með fjölbreyttum gróðri. Mýrlendi er austur af bænum niður að Laugarvatni en vestur til Lyngdalsheiðarinnar er kjarrivaxið valllendi með mýrardrögum, smávegis birki er ofarlega í landinu. Jörðin afmarkast að nokkru leyti af Litluá að norðan og Djúpá að sunnan. Slægjur þóttu fremur góðar og gott heyfall. Töluverðar hættur eru, bæði dý og graflækir. Mótak hefur verið niður með Djúpá. Silungsveiði er í net í Laugarvatni og á Stöng í Djúpá en lítið stunduð.“⁴

Skráningarsvæðið nær þó einungis yfir austasta hluta Eyvindartungu. Hin fornu landmerki náðu „að sunnan frá Laugarvatni með Djúpá allt að Blönduhálsi í vestri nálægt upptökum“ en „að norðan frá Laugarvatni úr Stóranefi með girðingu nálægt gömlum farvegi Litlár. Síðan með henni til vesturs allt að læk, sem [rennur] í hana norðan við Skógarhól, annað hvort með læknum að upptökum hans og síðan sjónhending í Kolhól, eða sjónhending frá mótum

¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Jakob Orri Jónsson, 2015.

² Jakob Orri Jónsson og Kristborg Þórsdóttir, 2015.

³ Jakob Orri Jónsson og Kristborg Þórsdóttir, 2016.

⁴ *Sunnlenskar byggðir*, III, 1983, 55.

læksins og Litlár beint í Kolhól. Síðan sjónlína frá Kolhól í Markaklett á Markahrygg, síðan niður Markahrygg og Blönduháls allt að Djúpá.“⁵



Mynd 1. Skráningarsvæðið.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

⁵ Ö-Eyvindartunga HF.

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagar þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmunum fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangsskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Selection

Object Browser X

Database view - Bláskógabyggð Fornleifaskráning

Class 'Arkeologiska object'

Selection

Subclass 'Óþekkt'

Selection

201, Arkeologiska object

Attributes

Text

Relations

Geo Objects

Documents

Events

Attribute	Value
Id	201
Name	
Class	Arkeologiska object
Gömul númer	
Sérheiti	
Bæjarnafn	Eyvindartunga
Jarðatal Johnsen	410
Flokkun	Búsetuminjar
Tegund	Garðlag
Efni	Torf og qriót
Lengd	10 meter
Breidd	9,4 meter
Hæð	0,5 metrar
Veggjahæð frá	0,2
Veggjahæð til	0,5
Breidd veggjar	1,6
Athugasemdir	
Umhverfi	I kjarri
Adalsvæði	<None>
Svæði	Tittlingsholt
Túnakort	Nei
Heimildir	Engar heimildir
Örnefnaskrá	
Aldur	900-1900
Skráning	HJH
Mæling	Uppmæling
Dagur	14.10.2022
Horfin	Nei
Horfin_astæða	<None>
Hættumat	<None>
Hættuorso	<None>
Ástand	Illgreinanlegar fornleifar
Minjagildi	Lítið
Verkefni	Deiliskipulag Eyvindartunga
Verkefna nr	2836
Sveitarf	Bláskógarbyggð
Gróður	Kjarr, gras,
Friðað	Já
Friðlýst	Nei
Hlutverk	Óþekkt

Mynd 2. Skráningarform í grunni Bláskógarbyggðar, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jörðina Eyvindartungu. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Google.

Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með verknúmeri frá Minjastofnun Íslands og hlaupandi númeri og sérheiti þeirra ef finnst og hlutverki ef það er þekkt og síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Bláskógabyggð.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis klakhús [4].

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Bláskógabyggðar. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Google. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðhátum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hafa tvær fornleifar horfið vegna framkvæmda og eru því eingöngu þekktar úr heimildum.

Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.

Fornleifar á svæðinu



Kort 2. Yfirlit yfir skráðar minjar á svæðinu og Eyvindartunga er lengst til vinstri.

Eyvindartunga

Jörðin er nefnd í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1708, þá í eigu Skálholtsstóls en jarðardýrleiki óviss.⁶ Samkvæmt *Jarðatali* Johnsens var Eyvindartunga komin í bændaeign árið 1847.⁷ Hún er enn í ábúð.

⁶ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1918-1921, 320.

⁷ Johnsen, 1847, 70.



Mynd 3 Illgreinanlegt gerði; trén fyrir miðju eru inn í gerðinu.

Gerði [2836-201] og upphækkun [2836-202]

Í örnefnaskrá segir: „Engjastykki á vatnsbakkanum næst Djúpa nefnist Fremri-Bugur. [...] Niður við vatnið norðan við Fremri-Bug var [annað] engjastykki, Bugur. Vestan hans er lítið grösugt og stórpýft holt, Tittlingsholt.“⁸ Samkvæmt heimildarmanni er þetta svæði ekki manngert, en þarna voru bátar dregnir og geymdir yfir veturna.⁹


Á þessu svæði er mikið um kjarr og trjágróður en greina má hugsanlegt gerði [201] sem er 11 x 9 m stórt með op til vesturs. Inni í „gerðinu“ er trjágróður þannig að það sést ekki vel. Veggir eru um 1-1,5 m breiðir og 0,2-0,5 m háir. Hlutverk er óljóst, sem og aldur. Einnig er þarna mjög þýfð upphækkun [202], 12 x 12 m að stærð. Hún var mæld inn en ekki er þó ljóst hvort um er að ræða fornleifar eða náttúrulega myndun.

⁸ Ö-Eyvindartunga HF.

⁹ Teitur Eyjólfsson, munnleg heimild.



Mynd 4 Upphækkun – mögulegar fornleifar [202]



Kort 3 Gerði [201] og meintar minjar [202]

Rétt [2836-203] heimild

Í örnefnalýsingu segir: „Nokkuð upp með Djúpá, um það bil mitt á milli bæjar og vatns, er tangi til suðurs, Réttartangi. Þar var rétt, sem nú er aflögð og komin undir tún.“¹⁰ Svæðið er þýfi vaxið en engar minjar eru sýnilegar um réttina.

Klakhús [2836-204] heimild

”Túnið næst þjóðvegi að neðan heitir Klak-hústún. Þar var klakhús á árunum 1930-45 og notað bæði fyrir Laugarvatn og Apavatn.“¹¹ Ekkert sést lengur af klakhúsinu.




Mynd 5 Réttartangi en réttin sem hann er kenndur við er horfin.

¹⁰ Ö-Eyvindartunga HF.

¹¹ Ö-Eyvindartunga HF.

Garður [2836-205]

Í örnefnaskrá segir: „Engjastykki á vatnsbakkanum næst Djúpa nefnist Fremri-Bugur. [...] Niður við vatnið norðan við Fremri-Bug var [annað] engjastykki, Bugur.“¹² Þarna er garður sem þverar engjastykkið, garðurinn er um 100 m langur. Garðurinn er ekki í hættu er fyrir utan.



Kort 4 Garður [2836-205]

Samantekt og niðurstöður

Skráðar voru fimm minjar. Þar af eru þrjár sýnilegar á vettvangi og gætu talist fornleifar: Tvær af þeim eru innan byggingarsvæðisins, annars vegar gerði [2836-201] sem er mjög ógreinilegt, hins vegar upphækkun [2836-202] sem mögulega er manngerð en þá óljóst hvaða tilgangi hún hefur þjónað. Ekki er ljóst hvort um sé að ræða fornleifar, mögulegar mótvægisgerðir ef ekki er hægt að beina framkvæmdum frá staðnum væri að gera borkjarnarannsókn til að athuga hvort einhver mannvist sé til staðar þarna. Garður [2836-205]

¹² Ö-Eyvindartunga HF.

er fyrir utan fyrirhugað byggingarsvæði. Einnig voru skráðar tvær horfnar minjar, rétt [2836-203] og klakhús [2836-204].

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1918-1921). *Jarðabók: Árnessýsla* (II). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn.

Sunnlenskar byggðir, III. (1983). Páll Lýðsson sá um útgáfuna. Selfoss: Búnaðarsamband Suðurlands 1983.

Árnastofnun – Örnefnasafn


Ö-Eyvindartunga HF: Örnefnalýsing Eyvindartungu. (1973). Haraldur Finnsson skráði eftir Jóni Teitssyni (f. 1923). Foreldrar Jóns fluttu að Eyvindartungu 1925.



Antikva

Eyvindartunga
Minjar á skráningarsvæðinu
Kort: Google


Vettvangsskráning: Hermann Hjartarson
okt. 2022
Kortagerð: Hermann Hjartarson
okt. 2022



Antikva

Eyvindartunga
Minjar [2836-205]
Kort: Google


Vettvangsskráning:	Hermann Hjartarson okt. 2022
Kortagerð:	Hermann Hjartarson okt. 2022



Antikva

Eyvindartunga
Minjar [2836-201]
Kort: Google


Vettvangsskráning: Hermann Hjartarson
okt. 2022
Kortagerð: Hermann Hjartarson
okt. 2022



Antikva

Eyvindartunga
Minjar [2836-202]
Kort: Google

Vettvangsskráning:	Hermann Hjartarson okt. 2022
Kortagerð:	Hermann Hjartarson okt. 2022



Antikva

Eyvindartunga
Minjar [2836-205]
Kort: Google

Vettvangsskráning: Hermann Hjartarson
okt. 2022
Kortagerð: Hermann Hjartarson
okt. 2022

Nr.	2836-201	Bæjarnafn	Eyvindartunga	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	410
Svæði	Tittlingsholt	Sveitafélag	Bláskógarbyggð	Dagur.	14.10.2022	Skráning	HJH/RK
Tegund	Tóft	Hlutverk	Gerði	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Eyvindartunga		

Ástand	Illgreinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök	Vegna framkvæmda		
Aldur	Óviss	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Torf	Umhverfi	Kjarr, trjágróður og þýft				
Lengd	11 m	Breidd	9	Hæð	0,5 m	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Engar heimildir				
Isnet E	416053,094						
Isnet N	41288,628	Minjagildi	Nokkurt				
Ljósmyndari	HJH	Mótvægisaðgerðir	Borkjarna				



Í örnefnaskrá segir: „Engjastykki á vatnsbakkanum næst Djúpa nefnist Fremri-Bugur. [...] Niður við vatnið norðan við Fremri-Bug var [annað] engjastykki, Bugur. Vestan hans er lítið grösugt og stórþýft holt, Tittlingsholt.“ Samkvæmt heimildarmanni er þetta svæði ekki manngert, en þarna voru bátar dregnir og geymdir yfir veturna.

Á þessu svæði er mikið um kjarr og trjágróður en greina má hugsanlegt gerði [201] sem er 11 x 9 m stórt með op til vesturs. Inni í „gerðinu“ er trjágróður þannig að það sést ekki vel. Veggir eru um 1-1,5 m breiðir og 0,2-0,5 m háir. Hlutverk er óljóst, sem og aldur.

Nr.	2836-202	Bæjarnafn	Eyvindartunga	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	410
Svæði	Tittlingsholt	Sveitafélag	Bláskógarbyggð	Dagur.	14.10.2022	Skráning	HJH/RK
Tegund	Hóll	Hlutverk	Óþekkt	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað		Verkefni	Deiliskipulag Eyvindartunga		

Ástand	Illgreinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	Óviss	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni		Umhverfi	Kjarr, trjágróður og þýft				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Engar heimildir				
Isnet E	416106,683						
Isnet N	412679,442		Minjagildi	Nokkurt			
Ljósmyndari	HJH	Mótvægisaðgerðir	Borkjarna				



Í örnefnaskrá segir: „Engjastykki á vatnsbakkanum næst Djúpa nefnist Fremri-Bugur. [...] Niður við vatnið norðan við Fremri-Bug var [annað] engjastykki, Bugur. Vestan hans er lítið grösugt og stórþýft holt, Tittlingsholt.“ Samkvæmt heimildarmanni er þetta svæði ekki manngert, en þarna voru bátar dregnir og geymdir yfir veturna.

Á þessu svæði er mikið um kjarr og trjágróður en greina má hugsanlegt gerði [201] sem er 11 x 9 m stórt með op til vesturs. Inni í „gerðinu“ er trjágróður þannig að það sést ekki vel. Veggir eru um 1-1,5 m breiðir og 0,2-0,5 m háir. Hlutverk er óljóst, sem og aldur.

Nr.	2836-203	Bæjarnafn	Eyvindartunga	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	410
Svæði		Sveitafélag	Bláskógarbyggð	Dagur.	14.10.2022	Skráning	HJH/RK
Tegund	Heimild	Hlutverk	Rétt	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Eyvindartunga		

Ástand	Horfið	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	1500-1900	Horfin	Já	Horfin ástæða	Sléttað yfir		
Efni	Ekki vitað		Umhverfi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá	Ö-Eyvindartunga HF.				
Mæling	Uppmæling		Heimildir				
Isnet E	415819,685						
Isnet N	412148,756		Minjagildi	Ekki metið			
Ljósmyndari	HJH		Mótvægisaðgerðir	Engar			




Í örnefnalýsingu segir: „Nokkuð upp með Djúpá, um það bil mitt á milli bæjar og vatns, er tangi til suðurs, Réttartangi. Þar var rétt, sem nú er aflögð og komin undir tún.“ Svæðið er þýfi vaxið en engar minjar eru sýnilegar um réttina.

Staðsetning ónákvæm. Hnit tekið á miðjum Réttartangangum.

Nr.	2836-204	Bæjarnafn	Eyvindartunga	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	410
Svæði	Klakhústún	Sveitafélag	Bláskógarbyggð	Dagur.	14.10.2022	Skráning	HJH/RK
Tegund	Heimild	Hlutverk	Klakhús	Flokkur	Veiðiminjar		
Sérheiti	Klakhústún	Friðað	Nei	Verkefni	Deiliskipulag Eyvindartunga		

Ástand	Horfið	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	1930-1940	Horfin	Já	Horfin ástæða			
Efni			Umhverfi	Tún			
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	415388,611						
Isnet N	412312,348	Minjagildi	Ekki metið				
Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir	Engar				



”Túnið næst þjóðvegi að neðan heitir Klak-hústún. Þar var klakhús á árunum 1930-45 og notað bæði fyrir Laugarvatn og Apavatn.“ Ekkert sést lengur af klakhúsinu.

Staðsetning ónákvæm. Hnit tekið á miðjum Réttartangangum.

Nr.	2836-205	Bæjarnafn	Eyvindartunga	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	410
Svæði	Bugur	Sveitafélag	Bláskógarbyggð	Dagur.	14.10.2022	Skráning	HJH/RK
Tegund	Garðlag	Hlutverk	Garður	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Eyvindartunga		

Ástand	Vel greinanlegar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	1900-2000	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Torf	Umhverfi	Gróið gras við vatnið.				
Lengd	100	Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Engar heimildir				
Isnet E	416270,715						
Isnet N	412706,517	Minjagildi	Nokkurt				

Ljósmyndari	Map.is	Mótvægisaðgerðir	Engar
-------------	--------	------------------	-------



Í örnefnaskrá segir: „Engjastykki á vatnsbakkanum næst Djúpa nefnist Fremri-Bugur. [...] Niður við vatnið norðan við Fremri-Bug var [annað] engjastykki, Bugur.“ Þarna er garður sem þverar engjastykkið, garðurinn er um 100 m langur. Garðurinn er ekki í hættu er fyrir utan.